



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005
Tilvisun: UST20051000160/sf

Stækkun eldisstöðvar Hólalax hf. í Hjaltadal, Skagafirði. Matsskylda.

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. október sl. þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum stækkun eldisstöðvar Hólalax hf. í Hjaltadal í Skagafirði úr 100 tonna framleiðslu af bleikju á ári í 500 tonna ársframleiðslu skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Stækkun

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi framleiðsla er um 500 þúsund bleikjuseiði og tæplega 100 tonn af matfiski. Fyrirhugað er að auka framleiðslu seiða í 1.000.000 bleikjuseiði og matfiskeldi í 500 tonn. Vegna framleiðsluaukningarinnar verða reist 6 ker til viðbótar þeim sem fyrir eru og verður hvert þeirra um 500 m³ að stærð. Staðsetning kerjanna er fyrirhuguð norðan við eldisstöðina. Sett verður upp tvöfalt siukerfi, það er tromlusía með 100 μ m dúk sem sleppir hvorki í gegn hrognum né seiðum, auk grúsfylltrar rásar sem lokar á alla tengingu milli stöðvar og vatnakerfis Hjaltadalsár.

Í tilkynningu kemur fram að kalt vatn er tekið úr Hofsa og af lindarsvæði sunnan árrinnar. Heitt vatn er fengið úr lögn Hitaveitu Hjaltadals. Ekki er gert ráð fyrir að auka vatnstöku heldur er fyrirhugað að bæta nýtingu á því vatni sem völ er á með núverandi vatnstöku við stækkun eldisins.

Frárennsli

Frárennsli frá eldisstöðinni fer í Hjaltadalsá um 650 metrum neðan við stöðina. Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er áin dragá með jökulivafi en í henni eru sjóbleikjustofn og eitthvað er um náttúrulegan lax. Ekki eru lagðar fram frekari upplýsingar um lífríki árrinnar. Hjaltadalsá er hvorki innan friðlýsts svæðis né skilgreind sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni, til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að


vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr. Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila hefur Hjaltadalsá ekki verið flokkuð skv. ákvæðum framangreindrar reglugerðar og liggja ekki fyrir upplýsingar um ástand árinna eða hver þolmörk hennar eru.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að gerðar voru mælingar á næringarefnum ofan við stöð, í frárennsli frá stöð, frá útrennsli úr settjörn og í viðtaka 100 metrum fyrir neðan frárennsli úr settjörn II, sjá töflu 3 í tilkynningu. Þar sem ekki liggur fyrir flokkun vatns samkvæmt gr. 9.1 í framangreindri reglugerð í ástandsflokk A-E er erfitt að meta áhrif frárennslisins á vatnasvæðið.

Niðurstaða

Umfang fyrirhugaðrar stækkunar á eldisstöð Hólalax er töluvert enda er um að ræða fimmfalda aukningu í framleiðslu á bleikju, þ.e. aukningu úr 100 tonnum í 500 tonn. Sú ársframleiðsla samvarar 25-földu því magni sem er tilkynningarskylt skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þegar fráveita er í ferskvatn. Fyrir liggja takmarkaðar upplýsingar um lífríki Hjaltadalsár og ekki liggja fyrir upplýsingar um ástand árinna. Vatnasvæðið hefur ekki verið flokkað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Umhverfisstofnun telur því ekki ljóst af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram hver umhverfisáhrif stækkunarinnar kunna að verða. Það er mat Umhverfisstofnunar að leggja verði fram ítarlegri gögn um ástand og flokkunar árinna og áhrif fyrirhugaðrar stækkunar á viðtaka til að unnt sé að taka afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður